

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um flokkunarkerfi
fyrir sjálfbærar fjárfestingar, nr. 10/2024.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/73 frá 4. júlí 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 að því er varðar einföldun á innihaldi og framsetningu upplýsinga sem birta skal varðandi umhverfislega sjálfbæra starfsemi og framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 að því er varðar einföldun á tilteknum tæknilegum matsviðmiðum til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi valdi engu umtalsverðu tjóni á umhverfismarkmiðum, sem birt er í fylgiskjali 3 með reglugerð þessari.
- b. Við 2. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/73 frá 4. júlí 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 að því er varðar einföldun á innihaldi og framsetningu upplýsinga sem birta skal varðandi umhverfislega sjálfbæra starfsemi og framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 að því er varðar einföldun á tilteknum tæknilegum matsviðmiðum til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi valdi engu umtalsverðu tjóni á umhverfismarkmiðum, sem birt er í fylgiskjali 3 með reglugerð þessari.
- c. Við 3. tölul. bætist: með breytingum skv. 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/73 frá 4. júlí 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 að því er varðar einföldun á innihaldi og framsetningu upplýsinga sem birta skal varðandi umhverfislega sjálfbæra starfsemi og framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 að því er varðar einföldun á tilteknum tæknilegum matsviðmiðum til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi valdi engu umtalsverðu tjóni á umhverfismarkmiðum, sem birt er í fylgiskjali 3 með reglugerð þessari.

2. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt fylgiskjal sem er birt með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 8. gr. laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, nr. 25/2023, öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. er fyrirtækjum heimilt að byggja upplýsingagjöf sína á framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2178, (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 eins og þær giltu 31. desember 2025 fyrir fjárhagsárið sem hófst á milli 1. janúar 2025 og 31. desember 2025.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 4. september 2026.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Arnar Kári Axelsson.

Fylgiskjal 3.**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/73**

frá 4. júlí 2025

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 að því er varðar einföldun á innihaldi og framsetningu upplýsinga sem birta skal varðandi umhverfislega sjálfbæra starfsemi og framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 að því er varðar einföldun á tilteknum tæknilegum matsviðmiðum til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi valdi engu umtalsverðu tjóni á umhverfismarkmiðum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 ⁽¹⁾, einkum 8. gr. (4. mgr.), 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178 ⁽²⁾ er tilgreint efni og framsetning upplýsinga sem fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði og fyrirtæki á fjármálamarkaði, sem ber skylda til að birta sjálfbærniupplýsingar skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽³⁾, þurfa að birta í skýrslu framkvæmdastjórnar skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 er það gert með því að færa tæknileg matsviðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi, sem mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 ⁽⁴⁾ og (ESB) 2023/2486 ⁽⁵⁾, yfir í megindelega lykilárangursmælikvarða (KPI). Þessir lykilárangursmælikvarðar sýna hvort, og að hvaða marki, starfsemi þessara fyrirtækja tengist slíkri umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi og hjálpa þannig fjárfestum og almenningi að skilja umhverfisárangur þessara fyrirtækja í tengslum við starfsemi sem fellur undir reglugerð (ESB) 2020/852 og framseldar reglugerðir (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 (hér á eftir sameiginlega nefnt „flokunarkerfið“) og þróunarferil fyrirtækjanna í átt að því að fella starfsemi sína að viðmiðum flokkunarkerfisins, sem aftur auðveldar fjármögnun umhverfislega sjálfbærrar starfsemi og verkefna. Framseld reglugerð (ESB) 2021/2178 eykur þannig gagnsæi á markaði og stuðlar að því að koma í veg fyrir grænþvott með því að upplýsa fjárfesta um umhverfisárangur fyrirtækis.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2020/852/oj>.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178 frá 6. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að tilgreina innihald og framsetningu upplýsinga sem fyrirtæki eiga að birta skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB varðandi umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi og tilgreina aðferðafræðina við að fara að þessari birtingarskyldu (Stjtið. ESB L 443, 10.12.2021, bls. 9, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/2178/oj).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2013/34/oj>).

⁽⁴⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 frá 4. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótþægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum og til að ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum (Stjtið. ESB L 442, 9.12.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/2139/oj).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2486 frá 27. júní 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða með hvaða skilyrðum atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að sjálfbærri notkun og verndun vatns og sjávarauðlinda, umskiptum yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvörnum og -eftirliti eða vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa og til að ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum og um viðbætur við framseldar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178 að því er varðar sérstaka opinbera birtingu upplýsinga fyrir þessa atvinnustarfsemi (Stjtið ESB L, 2023/2486, 21.11.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/2486/oj).

- 2) Fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði hófu skýrslugjöf um lykilárangursmælikvarða sína samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 frá og með 1. janúar 2023 og fyrirtæki á fjármálamarkaði frá og með 1. janúar 2024. Milli fyrsta og annars árs skýrslugjafar fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði jókst verðmæti veltu og fjárfestingarútgjalda sem tengjast umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi verulega.
- 3) Þrátt fyrir upptöku flokkunarkerfisins sýnir endurgjöf og uppsöfnuð reynsla af skýrslugjöf, bæði frá fyrirtækjum utan fjármálamarkaðarins og fyrirtækjum á fjármálamarkaði, að einfalda og bæta ætti efni og framsetningu upplýsinga sem birta skal í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178 til að draga úr óþarfa skýrslugjafarbyrði og tvöfaldri skýrslugjöf. Slík einföldun og umbætur ættu þó ekki að afnema grundvallarþætti er varða að hve miklu leyti starfsemi skýrslugjafarfyrirtækja tengist umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi. Slík einföldun og umbætur ættu að vera til áþreifanlegs og tafarlauss léttis fyrir skýrslugjafarfyrirtæki vegna skýrslugjafar þeirra sem fram fer árið 2026.
- 4) Til að draga úr skýrslugjafarbyrði fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði, og með hliðsjón af meðalhófsreglunni, ættu þau fyrirtæki að geta valið að meta ekki hlítu atvinnustarfsemi við tæknilegu matsviðmiðin sem sett eru fram í framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 ef sú starfsemi er ekki fjárhagslega veruleg fyrir rekstur þeirra. Að sama skapi ættu fyrirtæki á fjármálamarkaði að geta valið að meta ekki hlítu við tæknilegu matsviðmiðin sem sett eru fram í framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 að því er varðar áhættuskuldbindingar þeirra sem fjármagna tiltekna atvinnustarfsemi eða eignir mótaðila þeirra þegar þær áhættuskuldbindingar eru ekki fjárhagslega verulegar. Þegar starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði hefur þann almenna tilgang að fjármagna alla starfsemi mótaðila sinna skulu fyrirtæki á fjármálamarkaði taka tillit til óverulegrar starfsemi þessara mótaðila við útreikning á samsvarandi eigin óverulegri fjármálastarfsemi.
- 5) Til að tryggja réttarvissu er nauðsynlegt að tilgreina viðmiðunarmörk fyrir atvinnustarfsemi, eign eða tekjur sem teljast ekki fjárhagslega verulegar að því er varðar gagnsæisskyldur samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852.
- 6) Það er mikilvægt að veita fjárfestum og almenningi yfirlit yfir þá starfsemi sem telst óveruleg að því er hvern lykilárangursmælikvarða varðar. Þar að auki ber að forðast að óveruleg starfsemi sé fjarlægð úr nefnara viðeigandi lykilárangursmælikvarða eða að fyrirtæki telji visvitandi skaðlega starfsemi með óverulegri starfsemi sem myndi skekkja skýrslugjöfina og ganga í berhöggi við þau markmið sem liggja að baki reglugerð (ESB) 2020/852. Þess vegna eiga fyrirtæki, jafnt á fjármálamarkaði sem utan hans, að gefa sérstaklega skýrslu um óverulega starfsemi, bæði á samandregnu stigi og einingastigi. Í samhengisbundnu upplýsingunum sem útskýra skýrslusniðmátin eiga fyrirtæki að tilgreina skýrt hvert fyrir sig til hvaða geira sú starfsemi tilheyrir sem talin er óveruleg til að tryggja gagnsæi um þá starfsemi. Í því skyni mega skýrslugjafarskyld fyrirtæki nota atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) eins og hún er skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ⁽⁶⁾.
- 7) Með hliðsjón af tillögu ⁽⁷⁾ framkvæmdastjórnarinnar að tilskipun um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB til að tryggja að krafan um skýrslugjöf um upplýsingar sem tengjast flokkunarkerfinu haldist í meðalhófi og til að veita lánastofnunum nægan tíma til að innleiða skýrslugjafarkröfur sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 skal beitingu skýrslugjafarkrafna sem tengjast lykilárangursmælikvarðanum fyrir veltubók og lykilárangursmælikvarðanum fyrir þóknanir og umboðstekjur frestað til ársins 2028.
- 8) Þar að auki er viðeigandi að koma á stigskiptri nálgun hvað varðar mikilvægi hinna ýmsu flokka upplýsinga sem tilkynna skal. Þar sem almennt er litið svo á að upplýsingar um rekstrargjöld hafi minna vægi og séu síður gagnlegar við ákvarðanatöku þegar kemur að mati á sjálfbærni í starfsemi fyrirtækja en upplýsingar um veltu eða fjárfestingargjöld ætti fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði að vera heimilt að sleppa því að tilkynna um rekstrargjöld sem flokkunarkerfið nær yfir og falla að flokkunarkerfinu, að því gefnu að rekstrargjöldin séu ekki fjárhagslega veruleg í viðskiptalíkani þeirra. Sá sveigjanleiki myndi áfram varðveita gagnsæi fyrirtækja gagnvart þátttakendum á fjármálamarkaði og fjárfestum um leið og tryggð yrði hófleg beiting skýrslugjafarkrafanna skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjótd. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2006/1893/oj>).

⁽⁷⁾ Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipunum 2006/43/EB, 2013/34/ESB, (ESB) 2022/2464 og (ESB) 2024/1760 að því er varðar ákveðnar kröfur um skýrslugjöf um sjálfbærni fyrirtækja og kröfur um áreiðanleikakönnun (COM (2025) 81 lokagerð).

- 9) Áhættuskuldbindingar sem ekki er unnt að meta með tilliti til hvort flokkunarkerfið nær yfir þær eða hvort þær falla að flokkunarkerfinu, svo sem afleiður, handbært fé og ígildi handbærs fjár, bankalán sem greidd eru hvenær sem krafist er, viðskiptavild eða hrávörur, skulu undanskildar úr nefnara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði.
- 10) Í 3. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2178 er ekki gerð krafa um að fyrirtæki á fjármálamarkaði taki, við útreikning á teljara lykilárangursmælikvarða sinna, tillit til áhættuskuldbindinga gagnvart mótaðilafyrirtækjum sem ekki falla undir skýrslugjafarkröfunar sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB. Af þeim sökum geta lykilárangursmælikvarðar fyrirtækja á fjármálamarkaði ekki endurspeglað fjármögnun á atvinnustarfsemi og eignum mótaðilafyrirtækja sem eru sjálfbær skv. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Til að tryggja nákvæmni lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði en jafnframt koma í veg fyrir að mótaðilafyrirtæki þeirra falli óbeint undir ströng flokkunarkerfisviðmið við að hafa aðgang að sjálfbærri fjármögnun er nauðsynlegt að samræma teljara og nefnara viðeigandi lykilárangursmælikvarða og taka áhættuskuldbindingar fyrirtækja á fjármálamarkaði gagnvart þessum mótaðilafyrirtækjum út úr nefnara viðeigandi lykilárangursmælikvarða. Þess vegna ætti umfang lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði að ná yfir alla fjármögnun og fjárfestingar í fyrirtækjum sem lúta skýrslugjafarkröfunum sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB og í dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækja sem lúta 29. gr. a í þeirri tilskipun, að því gefnu að þau móðurfyrirtæki tilkynni einstakar sjálfbærniupplýsingar, þar á meðal samkvæmt flokkunarkerfinu, um þessi dótturfyrirtæki. Þetta þýðir að lykilárangursmælikvarðar fyrirtækja á fjármálamarkaði þurfa að ná yfir áhættuskuldbindingar gagnvart öðrum mótaðilafyrirtækjum sem ekki falla undir skýrslugjafarkröfunar sem mælt er fyrir um í 19. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB en eru í samstöðu fyrirtækja sem fellur undir samstæðuskýrslugjöf móðurfélags skv. 29. gr. a í þeirri tilskipun. Að sama skapi ættu áhættuskuldbindingar gagnvart félögum með sérstakan tilgang, sem fjármagna fyrirtæki sem falla undir skýrslugjafarkröfur sem mælt er fyrir um í 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, og dótturfélög þeirra, að falla innan lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði.
- 11) Þótt áhættuskuldbindingar fyrirtækja á fjármálamarkaði gagnvart mótaðilafyrirtækjum sem ekki falla undir skýrslugjafarkröfunar sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB og í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 skuli undanskildar lykilárangursmælikvörðum fyrirtækja á fjármálamarkaði geta fyrirtæki á fjármálamarkaði samt sem áður tekið með í lykilárangursmælikvarða sína áhættuskuldbindingar gagnvart mótaðilafyrirtækjum sínum sem uppfylla að eigin frumkvæði kröfunar sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Að sama skapi geta fyrirtæki á fjármálamarkaði tekið með í lykilárangursmælikvarða sína áhættuskuldbindingar gagnvart þeim mótaðilum sem fjármagna tiltekna atvinnustarfsemi eða eignir á grundvelli tiltækra upplýsinga um hlítinu þeirrar atvinnustarfsemi og eigna við viðmið flokkunarkerfisins. Vegna þessara breytinga verða 4. og 7. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2178 óþarfar og því ber að fella þær brott.
- 12) Markmiðið um að draga úr stjórnsýslubyrði og einfalda skýrslugjafarkröfur ætti að aðgreina frá viðvarandi efnislegri endurskoðun til lengri tíma á þeim skýrslugjafarkröfum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 og tæknilegu matsviðmiðum flokkunarkerfisins sem mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 til að auðvelda verulega framkvæmd þessara skýrslugjafarkrafna og viðmiða. Með hliðsjón af því hversu flóknar skýrslugjafarkröfur fyrirtækja á fjármálamarkaði eru, þar sem hlitni er háð upplýsinga- og gagnaflæði frá þeim mótaðilum sem þau fjármagna, og þar til endurskoðun á skýrslugjafarkröfum og tæknilegum matsviðmiðum flokkunarkerfisins sem mælt er fyrir um í framseldu reglugerðum (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486, er lokið ættu fyrirtæki á fjármálamarkaði að geta valið að nota ekki sniðmátin sem mælt er fyrir um í viðaukunum við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178 til að uppfylla skýrslugjafarskyldur sínar sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Þess í stað, til að tryggja réttarvissu, koma í veg fyrir hættu á grænþvotti og gæta meðalhófs, ættu slík fyrirtæki að birta staðlaða yfirlýsingu í skýrslu framkvæmdastjórnar til að gefa til kynna að þau haldi því ekki fram að atvinnustarfsemi þeirra tengist umhverfislega sjálfbærri starfsemi eins og vísað er til í reglugerð (ESB) 2020/852.
- 13) Til að draga úr flækjustigi og lengd skýrslusniðmátanna og auðvelda verulega skýrslugjöf fyrirtækja samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 ber að stytta og einfalda verulega skýrslusniðmátin sem kveðið er á um í þeirri framseldu reglugerð án þess að glata nauðsynlegum upplýsingum sem þar koma fram um að hve miklu leyti starfsemi skýrslugjafarfyrirtækjanna tengist umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi. Þar að auki ætti að fella brott sértæku

sniðmátin sem kveðið er á um í XII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178 og tengjast starfsemi í jarðgas- og kjarnorkugeiranum til að draga úr skýrslugjafarbyrði og forðast tvítekningu upplýsinga sem fyrirtæki sem eru ekki á fjármálamarkaði birta í sniðmátunum sem kveðið er á um í II. viðauka við þessa reglugerð. Fyrirtæki sem eru ekki á fjármálamarkaði skulu birta sömu flokka upplýsinga að því er varðar verulega starfsemi sína í jarðgas- og kjarnorkugeiranum og fyrir aðra geira. Til að draga úr skýrslugjafarbyrði fyrirtækja á fjármálamarkaði og tryggja samræmi við flokkunarkerfisupplýsingagjöf mótaðila þeirra er nauðsynlegt að breyta IV., VI., VIII. og X. viðauka við þá reglugerð til að tryggja að fyrirtæki á fjármálamarkaði birti samræmdar upplýsingar á samanteknu formi um áhættuskuldbindingar sínar vegna starfsemi í jarðgass- og kjarnorkugeiranum sem flokkunarkerfið nær yfir eða sem fellur að flokkunarkerfinu.

- 14) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 til samræmis við það.
- 15) Til að atvinnustarfsemi teljist umhverfislega sjálfbær er nauðsynlegt að hún uppfylli öll viðmiðin sem mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi valdi nokkru umtalsverðu tjóni á neinu umhverfismarkmiðanna. Þó ekki sé nema eitt viðmið sem ekki er hægt að sýna fram á hlítni við er ómögulegt fyrir fyrirtæki að tilkynna atvinnustarfsemi sína sem umhverfislega sjálfbæra. Fyrirtæki eiga í erfiðleikum með að meta og sýna fram á að tiltekin viðmið séu uppfyllt. Til að draga úr stjórnsýslubyrði fyrirtækja ætti að breyta þeim viðmiðum.
- 16) Almennu viðmiðin til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi valdi ekki verulegu tjóni fyrir mengunarvarnir og eftirlit með mengun að því er varðar notkun og tilvist iðefna eiga við um atvinnustarfsemi í mismunandi geirum. Mat á því hvort þessum kröfum sé fylgt er sérstaklega íþyngjandi fyrir fyrirtæki vegna þess hve flóknar þær eru. Til að auka réttarvissu og samræmi tiltekinna þátta þessara almennu viðmiða ætti að tilgreina beitingu tiltekinna undanþága sem byggjast á lögum Sambandsins og vísað er til í þeim viðmiðum.
- 17) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/590 ⁽⁸⁾ er kveðið á um tiltekinn fjölda skýrt afmarkaðra undanþága frá banni við notkun efna sem valda rýrnun ósonlagsins. Almennu viðmiðin til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi valdi ekki umtalsverðu tjóni fyrir mengunarvarnir og eftirlit með mengun ættu því að heimila notkun slíkra undanþága og nauðsynlega notkun efna sem valda rýrnun ósonlagsins þar sem engir aðrir kostir eru í boði.
- 18) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB ⁽⁹⁾ eru undanþágur, sem eru takmarkaðar að umfangi og gildistíma, frá takmörkuninni fyrir tiltekin efni eða ihluti. Þessar undanþágur eiga við í aðstæðum þar sem útskipting er ekki möguleg frá vísindalegu og tæknilegu sjónarmiði, þar sem þau neikvæðu áhrif sem útskipting hefur á umhverfi, heilbrigði og neytendavernd er líkleg til að vega þyngra en ávinningur hennar fyrir umhverfið, heilbrigði og neytendavernd eða ef áreiðanleiki efna eða ihluta sem koma í staðinn er ekki tryggður. Almennu viðmiðin til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi valdi ekki umtalsverðu tjóni fyrir mengunarvarnir og eftirlit með mengun ættu því að heimila notkun þeirra undanþága.
- 19) Almennu viðmiðanirnar sem tengjast framleiðslu, tilvist í lokaafurð eða afrakstri eða setningu á markað að því er varðar efni sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽¹⁰⁾ fyrir einn af hættuflokkunum eða hættuundirflokkunum sem vísað er til í 57. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽¹¹⁾ krefjast þess að fyrirtæki sem bera skýrslugjafarskyldu skimi mjög mikinn fjölda efna, þ.m.t. hvort þau séu til staðar í öllum afurðum og afrakstri atvinnustarfsemi sinnar. Í reglugerðum (EB) nr. 1272/2008 og (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að birgjar skuli miðla öllum nauðsynlegum gögnum um tilvist þessara efna, hvort sem þau eru

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/590 frá 7. febrúar 2024 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1005/2009 (Stjtið. ESB L 2024/590, 20.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/590/oj>).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2011/65/oj>).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1272/oj>).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2006/1907/oj>).

ein og sér, í blöndum eða, þegar um er að ræða sérlega varasöm efni, í hlutum. Engin lagaskylda er þó fyrir hendi til að veita slíkar upplýsingar um efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir einn af hættuflokkunum eða hættuundirflokkunum sem um getur í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 ef þau eru til staðar í hlutum. Söfnun upplýsinga í aðfangakeðjunni um þessi efni hefur því í för með sér aukna byrði fyrir skýrslugjafarfyrirtæki. Til að forðast slíka viðbótar stjórnsýslubyrði á skýrslugjafarfyrirtæki ætti því að fella brott þverlægu viðmiðanirnar fyrir þann hóp efna.

- 20) Því ætti að breyta framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 til samræmis við það.
- 21) Umhverfismarkmiðin sex sem um getur í a- til f-lið 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 og 10., 11., 12., 13., 14. og 15. gr. þeirrar reglugerðar eru nátengd með tilliti til þess hvernig umhverfismarkmiði er náð og þeim ávinningi sem það getur haft á önnur umhverfismarkmið að ná einhverju markmiðanna. Ákvæðin sem ákvarða hvort atvinnustarfsemi stuðli verulega að þessum umhverfismarkmiðum eru því nátengd. Þessi ákvæði eru einnig nátengd upplýsingaskyldunni sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178. Til að tryggja samræmi milli breytinga þessara ákvæða, sem ættu að öðlast gildi á sama tíma til að auðvelda hagsmunaaðilum að hafa heildaryfirsýn yfir lagarammann og til að auðvelda beitingu reglugerðar (ESB) 2020/852, er nauðsynlegt að safna þessum breytingum saman í eina reglugerð.
- 22) Þessi reglugerð samræmist markmiðum um loftslagshlutleysi sem sett eru fram í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ⁽¹²⁾ og tryggir framvindu aðlögunar að loftslagsbreytingum eins og um getur í 5. gr. þeirrar reglugerðar. Reglugerðin breytir hvorki tæknilegum matsviðmiðum um verulegt framlag til mótvægis við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum né tæknilegum matsviðmiðum fyrir að valda ekki umtalsverðu tjóni fyrir mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum sem voru metin með hliðsjón af samræmi við markmið og takmark reglugerðar (ESB) 2021/1119 eins og krafist er í 4. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar.
- 23) Samkvæmt 30. gr. tilskipunar 2013/34/ESB skal birta skýrslur framkvæmdarstjórnar innan hæfilegs tíma, þó ekki síðar en 12 mánuðum eftir dagsetningu efnahagsreiknings. Til að tryggja að fyrirtæki geti beitt þeim breytingum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð fyrir fjárhagsárið 2025, ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. janúar 2026. Til að koma í veg fyrir óþarfa kostnað við að fara að breytingunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ættu fyrirtæki þó að geta beitt framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2178, (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 eins og þær gilda 31. desember 2025 fyrir reikningsárið sem hefst á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 2025.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178

Framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 1. mgr. a til 1. mgr. d bætast við í 2. gr.:

„1a. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði, að því er varðar lykilárangursmælikvarða um veltu sem um getur í lið 1.1.1 í I. viðauka við þessa reglugerð, sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir tiltekna atvinnustarfsemi þeirra eða hvort atvinnustarfsemin falli að því ef uppsöfnuð velta af þeirri atvinnustarfsemi er undir 10% af nefnara lykilárangursmælikvarðans fyrir veltu sem um getur í fyrstu málsgrein í lið 1.1.1 í I. viðauka við þessa reglugerð.

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 (evrópsku loftslagslögin) (Stjtið. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2021/1119/oj>).

1b. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði, að því er varðar lykilárangursmælikvarða fyrir fjárfestingarútgjöld sem um getur í lið 1.1.2 í I. viðauka við þessa reglugerð, sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir tiltekna atvinnustarfsemi þeirra eða hvort atvinnustarfsemin falli að því ef uppsöfnuð fjárfestingargjöld sem tengjast þeirri atvinnustarfsemi eru undir 10% af nefnara lykilárangursmælikvarða fyrir fjárfestingarútgjöld sem um getur í lið 1.1.2.1 í I. viðauka við þessa reglugerð.

1c. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., þegar kemur að lykilárangursmælikvarða fyrir rekstrargjöld sem vísað er til í lið 1.1.3 í I. viðauka við þessa reglugerð, geta fyrirtæki sem eru ekki á fjármálamarkaði, ef rekstrargjöld eru ekki veruleg í viðskiptalíkani slíkra fyrirtækja, sleppt því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir rekstrargjöld sem tengjast allri atvinnustarfsemi þeirra eða hvort þau falli að flokkunarkerfinu, að því tilskildu að þau:

a) greini frá heildarvirði nefnara í lykilárangursmælikvarða fyrir rekstrargjöld sem vísað er til í lið 1.1.3.1 í I. viðauka við þessa reglugerð,

b) útskýri hvers vegna rekstrargjöldin eru ekki veruleg í viðskiptalíkani þeirra.

Ef rekstrargjöld eru að meginreglu til veruleg í viðskiptalíkani fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði mega þau fyrirtæki sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir tiltekna atvinnustarfsemi þeirra eða hvort atvinnustarfsemin falli að flokkunarkerfinu ef uppsöfnuð rekstrargjöld sem tengjast þeirri atvinnustarfsemi eru undir 10% af nefnara lykilárangursmælikvarða fyrir rekstrargjöld sem um getur í lið 1.1.3.1 í I. viðauka við þessa reglugerð.

1d. Tilkynna skal um veltu, fjárfestingargjöld og rekstrargjöld, sem tengjast þeirri starfsemi sem 1. mgr. a til c gilda um, sérstaklega sem óverulega veltu, fjárfestingargjöld eða rekstrargjöld.“

2) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við í 3. gr.:

„1a. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega eignastýringaraðilar sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir eignir í stýringu þar sem nýting ávinnings er þekkt eða hvort þær eignir falli að flokkunarkerfinu ef uppsafnað verðmæti þeirra eigna er undir 10% af öllum eignum í stýringu þar sem nýting ávinnings er þekkt og sem eru teknar með í nefnara lykilárangursmælikvarðans sem um getur í lið 1.2 í III. viðauka við þessa reglugerð.

Eignirnar sem fyrsta undirgreinin á við um skulu tilkynntar sérstaklega sem óverulegar eignir.“

3) Eftirfarandi 1. mgr. a til 1. mgr. f bætast við í 4. gr.:

„1a. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega lánastofnanir sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir eignir á efnahagsreikningi þar sem nýting ávinnings er þekkt eða hvort þær eignir falli að flokkunarkerfinu ef uppsafnað verðmæti þeirra eigna er undir 10% af öllum eignum á efnahagsreikningi þar sem nýting ávinnings er þekkt og sem eru teknar með í nefnara hlutfalls grænna eigna sem um getur í lið 1.1.2 í V. viðauka við þessa reglugerð, fyrir eignastöðu og flæði, sitt í hvoru lagi.

Eignirnar sem fyrsta undirgreinin á við um skulu tilkynntar sérstaklega sem óverulegar eignir.

1b. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega lánastofnanir sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir þær fjárhagslegu tryggingar sem styðja við lán og fyrirgreiðslur eða skuldagerninga þar sem nýting ávinnings er þekkt eða hvort þær tryggingar eða gerningar falli að flokkunarkerfinu ef uppsafnað verðmæti þeirra fjárhagslegu trygginga er undir 10% af öllum fjárhagslegum tryggingum sem styðja við lán og fyrirgreiðslur eða skuldagerninga þar sem nýting ávinnings er þekkt og eru tekin með í nefnara lykilárangursmælikvarða fyrir fjárhagslegar tryggingar, fyrir eignastöðu og flæði, sitt í hvoru lagi, sem um getur í lið 1.2.2.1 í V. viðauka við þessa reglugerð.

Þær fjárhagslegu tryggingar sem fyrsta undirgreinin á við um skulu tilkynntar sérstaklega sem óverulegar eignir.

1c. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega lánastofnanir sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir eignir í stýringu þar sem nýting ávinnings er þekkt eða hvort þær eignir falli að flokkunarkerfinu ef uppsafnað verðmæti eigna í stýringu er undir 10% af öllum eignum í stýringu þar sem nýting ávinnings er þekkt og sem eru teknar með í nefnara lykilárangursmælikvarða eigna í stýringu, fyrir eignastöðu og flæði, sitt í hvoru lagi, sem um getur í lið 1.2.2.2 í V. viðauka við þessa reglugerð.

Eignir í stýringu sem fyrsta undirgreinin á við um skulu tilkynntar sérstaklega sem óverulegar eignir í stýringu.

1d. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega lánastofnanir sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir þóknarir og umboðstekjur í tengslum við tiltekna atvinnustarfsemi eða hvort þær falli að flokkunarkerfinu ef uppsafnað verðmæti þeirra tekna er undir 10% af verðmæti allra þóknana og umboðstekna í tengslum við tiltekna atvinnustarfsemi og sem eru teknar með í nefnara lykilárangursmælikvarða fyrir þóknarir og umboðstekjur sem um getur í lið 1.2.3 í V. viðauka við þessa reglugerð.

Þær þóknarir og umboðstekjur sem fyrsta undirgreinin á við um skulu tilkynntar sérstaklega sem óverulegar þóknarir og umboðstekjur.

1e. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega lánastofnanir sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir fjáreignir ætlaðar til veltuviðskipta þar sem nýting ávinnings er þekkt eða hvort þær eignir falli að flokkunarkerfinu ef uppsafnað verðmæti þeirra eigna er undir 10% af öllum fjáreignum ætluðum til veltuviðskipta þar sem nýting ávinnings er þekkt og sem eru teknar með í nefnara hlutfalls grænna eigna fyrir viðskiptasafnið sem um getur í lið 1.2.4 í V. viðauka við þessa reglugerð.

Fjáreignirnar sem fyrsta undirgreinin á við um skulu tilkynntar sérstaklega sem óverulegar eignir.

1f. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur lánastofnun sleppt því að birta lykilárangursmælikvarðana sem um getur í V. viðauka ef uppsafnað verðmæti hreinnar veltu af þeirri starfsemi sem þeir lykilárangursmælikvarðar ná yfir er lægra en 10% af samanlagðri hreinni veltu lánastofnunarinnar.“

4) Eftirfarandi 1. mgr. a og 1. mgr. b er bætt við í 5. gr.:

„1a. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir þær eignir þar sem nýting ávinnings er þekkt eða hvort þær eignir falli að flokkunarkerfinu ef uppsafnað verðmæti þeirra eigna er undir 10% af öllum eignum þar sem nýting ávinnings er þekkt og sem eru teknar með í nefnara hlutfalls grænna eigna sem um getur í lið 2 í VII. viðauka við þessa reglugerð.

Eignirnar sem fyrsta undirgreinin á við um skulu tilkynntar sérstaklega sem óverulegar eignir.

1b. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega verðbréfafyrirtæki sem ekki eiga viðskipti fyrir eigin reikning sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir tekjur af fjárfestingarþjónustu og -starfsemi, annarri en viðskiptum fyrir eigin reikning, sem tengist tiltekinni atvinnustarfsemi eða hvort þær falli að flokkunarkerfinu ef uppsafnað verðmæti þeirra tekna er undir 10% af öllum tekjum af fjárfestingarþjónustu og -starfsemi, annarri en viðskiptum fyrir eigin reikning, sem tengist tiltekinni atvinnustarfsemi sem eru teknar með í nefnara lykilárangursmælikvarði fyrir tekjur sem um getur í 3. lið í VII. viðauka við þessa reglugerð.

Tekjurnar sem fyrsta undirgreinin á við um skulu tilkynntar sérstaklega sem óverulegar tekjur.“

5) Eftirfarandi 1. mgr. a og 1. mgr. b er bætt við í 6. gr.:

„1a. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta skaðatrygginga- eða endurtryggingafélög sleppt því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir bókfærð verg iðgjöld, tekjur af skaðatryggingum eða, eftir því sem við á, tekjur af endurtryggingum eða hvort þær tekjur falli að flokkunarkerfinu ef uppsafnaðar tekjur af þessum bókfærðu vergu iðgjöldum, skaðatryggingum eða, eftir því sem við á, endurtryggingum eru undir 10% af nefnara lykilmælikvarðans í tengslum við tryggingastarfsemi sem um getur í 2. lið í IX. viðauka við þessa reglugerð.

Bókfærðu vergu iðgjöldin eða tekjurnar sem fyrsta undirgrein á við um skal tilkynna sérstaklega sem óveruleg bókfærð verg iðgjöld eða óverulegar tekjur.

1b. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega skaðatrygginga- eða endurtryggingafélög sleppa því að meta hvort flokkunarkerfið nái yfir eignir þar sem nýting ávinnings er þekkt eða hvort þær eignir falli að flokkunarkerfinu ef uppsafnað verðmæti þeirra eigna er undir 10% af öllum eignum þar sem nýting ávinnings er þekkt og sem eru teknar með í nefnara lykilárangursmælikvarðans í tengslum við fjárfestingar sem um getur í 1. lið í IX. viðauka við þessa reglugerð.

Eignirnar sem fyrsta undirgreinin á við um skulu tilkynntar sérstaklega sem óverulegar eignir.“

6) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Afleiður, handbært fé og ígildi handbærs fjár, millibankalán, sem eru til greiðslu þegar krafist er, og aðrir eignaflokkar sem ekki er vísað til í 6. mgr. 7. gr., þar á meðal viðskiptavild og hrávörur, skulu undanskilin nefnara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði.

3. Allar áhættuskuldbindingar gagnvart fyrirtækjum sem eru ekki skyldug til að birta sjálfbærniupplýsingar í skýrslu framkvæmdastjórnar skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB eða sem tilheyra ekki samstæðum fyrirtækja sem eru skyldugar til að birta sjálfbærniupplýsingar í skýrslu framkvæmdastjórnar skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, á fjárhagsárinu, skulu undanskildar nefnara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar skulu áhættuskuldbindingar gagnvart fyrirtækjum með sérstakan tilgang (SPV) teknar með í nefnara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði ef þessi fyrirtæki með sérstakan tilgang fjármagna:

a) aðila sem falla undir 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB eða lögaðila sem tilheyra samstæðu þar sem móðurfélag fyrirtækisins með sérstakan tilgang fellur undir 29. gr. a í þeirri tilskipun,

b) eignir sem eru reknar af aðilum sem falla undir 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB eða aðilum sem tilheyra samstæðu þar sem móðurfélag fyrirtækisins með sérstakan tilgang fellur undir 29. gr. a í þeirri tilskipun.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein geta fyrirtæki á fjármálamarkaði tekið eftirfarandi áhættuskuldbindingar með í nefnara lykilárangursmælikvarða sinna:

a) áhættuskuldbindingar gagnvart fyrirtækjum sem um getur í fyrstu undirgrein ef þau fyrirtæki tilkynna að eigin frumkvæði um lykilárangursmælikvarða í samræmi við I.–XI. viðauka við þessa reglugerð,

b) áhættuskuldbindingar gagnvart fyrirtækjum sem um getur í fyrstu undirgrein og nýting ávinnings er þekkt.

Ef þriðja undirgreinin á við skulu þær áhættuskuldbindingar sem vísað er til í þeirri undirgrein vera meðtaldar í teljara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði sem hér segir:

a) áhættuskuldbindingar sem vísað er til í a-lið þriðju undirgreinar skulu teljast með í teljara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði vegnar með lykilárangursmælikvörðum sem mótaðilar þeirra gefa upp að eigin frumkvæði í samræmi við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í III., V., VII. og IX. viðauka við þessa reglugerð;

b) áhættuskuldbindingar sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar skulu teljast með í teljara lykilárangursmælikvarða fyrirtækja á fjármálamarkaði upp að fullu virði atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og þær áhættuskuldbindingar fjármagna, á grundvelli upplýsinga frá mótaðilum þeirra.“

b) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

c) Í stað 5. og 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Ef tæknilegu matsviðmiðunum sem mælt er fyrir um í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2020/852 er breytt skulu lán og gerningar þar sem nýting ávinnings er þekkt og sem eru í eigu fyrirtækja á fjármálamarkaði sem fjármagna atvinnustarfsemi eða eignir sem falla að flokkunarkerfinu, ef samræming fjármögnuðu atvinnustarfseminnar eða eignanna við breyttu tæknilegu matsviðmiðin er ekki fyrir hendi, tilkynnt sem slík samkvæmt þessari reglugerð þar til fimm ár eru liðin frá þeim degi þegar framseldu gerðirnar sem breyta þessum tæknilegu matsviðmiðunum koma til framkvæmda.

6. Fyrirtæki á fjármálamarkaði skulu setja fram sundurliðun í nefnaranum og teljaranum á lykilárangursmælikvörðunum, eftir atvikum, fyrir:

- a) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum sem ekki eru á fjármálamarkaði,
 - b) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum á fjármálamarkaði,
 - c) áhættuskuldbindingar gagnvart almennum viðskiptavinum sem flokkunarkerfið nær yfir,
 - d) áhættuskuldbindingar gagnvart sveitarfélögum,
 - e) fasteignir,
 - f) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum eins og um getur í þriðju undirgrein 3. mgr. 7. gr.“
- d) Ákvæði 7. mgr. falla brott.
- e) Eftirfarandi 8. og 9. mgr. bætast við:

„8. Þegar lykilárangursmælikvarðar eru gefnir upp í samræmi við þessa reglugerð skulu fyrirtæki á fjármálamarkaði láta eftirfarandi fylgja með í skýrslugjafarsniðmátunum:

- a) áhættuskuldbindingar og fjárfestingar sem fjármagna óverulega atvinnustarfsemi mótaðila þeirra sem eru fyrirtæki sem eru ekki á fjármálamarkaði sem tilkynnt er um í samræmi við 1. mgr. a og 1. mgr. b í 2. gr. með því að vega áhættuskuldbindingar sínar gagnvart þeim mótaðilum með hlutfalli þessarar óverulegu atvinnustarfsemi í nefnara lykilárangursmælikvarða mótaðila þeirra,
- b) áhættuskuldbindingar gagnvart mótaðilum sínum sem eru fyrirtæki á fjármálamarkaði með því að vega þær áhættuskuldbindingar með hlutfallinu í nefnara lykilárangursmælikvarða þeirra mótaðila af starfsemi sem þessir mótaðilar meta ekki í samræmi við þessa málsgrein,
- c) starfsemi, áhættuskuldbindingar og fjárfestingar sem skýrslugjafafyrirtækin telja óverulega í samræmi við 3. gr. (1. mgr. a), 4. gr. (1. mgr. a til 1. mgr. e), 5. gr. (1. mgr. a og 1. mgr. b), 6. gr. (1. mgr. a og 1. mgr. b), eftir því sem við á,
- d) áhættuskuldbindingar gagnvart, og fjárfestingar í, fyrirtækjum á fjármálamarkaði sem skila skýrslum í samræmi við 9. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar.

9. Fram til 31. desember 2027, að undanskilinni 2. mgr. 8. gr. og þessari 9. mgr., skulu 2.–8. gr. ekki gilda um fyrirtæki á fjármálamarkaði sem halda því ekki fram skv. 3. og 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 að þau stundi atvinnustarfsemi sem tengist þeirri reglugerð, að því tilskildu að þau fyrirtæki birti upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar með því að hafa eftirfarandi yfirlýsingu í skýrslu framkvæmdastjórnar:

„Ekki er staðhæft að nokkur starfsemi tengist atvinnustarfsemi sem telst umhverfislega sjálfbær skv. 3. og 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 (reglugerðin um flokkunarkerfið)“.

- 7) Í stað 6., 7., og 8. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Ef þau stunda eða fjármagna þá atvinnustarfsemi sem um getur í liðum 4.26, 4.27 og 4.28 í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139 skulu fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði og fyrirtæki á fjármálamarkaði gefa upp hlutfall:

- a) atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu sem um getur í liðum 4.26, 4.27 og 4.28 í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139 í nefnara lykilárangursmælikvarða,
- b) atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir sem um getur í liðum 4.26, 4.27 og 4.28 í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139, í nefnara lykilárangursmælikvarða.

7. Ef þau stunda eða fjármagna þá atvinnustarfsemi sem um getur í liðum 4.29, 4.30 og 4.31 í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139 skulu fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði og fyrirtæki á fjármálamarkaði gefa upp hlutfall:

- a) atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu sem um getur í liðum 4.29, 4.30 og 4.31 í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139 í nefnara lykilárangursmælikvarða,
- b) atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir sem um getur í liðum 4.29, 4.30 og 4.31 í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139, í nefnara lykilárangursmælikvarða.

8. Þær upplýsingarnar sem um getur í 6. og 7. mgr. skulu settar fram í töflum með því að nota sniðmátin sem sett eru fram í II., IV., VI., VIII. og X. viðauka við þessa reglugerð.“

- 8) Í stað annarrar undirgreinar 5. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

Liðir 1.2.3 og 1.2.4 í V. viðauka skulu koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2028.“,

- 9) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð,
- 10) Í stað II. viðauka kemur texti II. viðauka við þessa reglugerð,
- 11) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð,
- 12) Í stað IV. viðauka kemur texti IV. viðauka við þessa reglugerð,
- 13) Ákvæðum V. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð,
- 14) Í stað VI. viðauka kemur texti VI. viðauka við þessa reglugerð,
- 15) Ákvæðum VII. viðauka er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð,
- 16) Í stað VIII. viðauka kemur texti VIII. viðauka við þessa reglugerð,
- 17) Ákvæðum IX. viðauka er breytt í samræmi við IX. viðauka við þessa reglugerð,
- 18) Í stað X. viðauka kemur texti X. viðauka við þessa reglugerð,
- 19) Ákvæðum XI. viðauka er breytt í samræmi við XI. viðauka við þessa reglugerð,
- 20) Ákvæði XII. viðauka falla brott.

2. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139

Framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við XII. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við XIII. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2023/2486

Framseldri reglugerð (ESB) 2023/2486 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við XIV. viðauka við þessa reglugerð,
- 2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við XV. viðauka við þessa reglugerð,
- 3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við XVI. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2026.

Fyrirtækjum er þó heimilt að beita framseldum reglugerðum (ESB) 2021/2178, (ESB) 2021/2139 og (ESB) 2023/2486 eins og þær gilda 31. desember 2025 fyrir fjárhagsárið sem hefst á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júlí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula von der Leyen

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178 er breytt sem hér segir:

- 1) Síðasta málsgrein liðar 1.1.3.2 fellur brott,
 - 2) Eftirfarandi d-liður bætist við í fyrstu málsgrein liðar 1.2.3.1:
„d) upplýsingar um geira þeirrar atvinnustarfsemi sem telst óveruleg skv. 1. mgr. a í 2. gr. og skýringu á því hvers vegna sú atvinnustarfsemi er ekki talin veruleg.“,
 - 3) Eftirfarandi d-liður bætist við í fyrstu málsgrein liðar 1.2.3.2:
„d) upplýsingar um geira þeirrar atvinnustarfsemi sem telst óveruleg skv. 1. mgr. b í 2. gr. og skýringu á því hvers vegna sú atvinnustarfsemi er ekki talin veruleg.“,
 - 4) Eftirfarandi d-liður bætist við í fyrstu málsgrein liðar 1.2.3.3:
„d) upplýsingar um geira þeirrar atvinnustarfsemi sem telst óveruleg skv. 1. mgr. c í 2. gr. og skýringu á því hvers vegna sú atvinnustarfsemi er ekki talin veruleg.“
-

II. VIÐAUKI
„II. VIÐAUKI

SNIDMÁT FYRIR LYKILÁRANGURSMÆLIKVARÐA FYRIRTÆKJA SEM EKKI ERU Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Sniðmát 1: Hlutfall veltu, fjárfestingargjalda, rekstrargjalda af afurðum eða þjónustu í tengslum við atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir eða sem fellur að flokkunarkerfinu – birting upplýsinga sem ná yfir ár (N) (samanteknir lykilarangursmælikvarðar)

Fjárhagsár (N)		Sundurliðun á starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu eftir umhverfismarkmiðum											Hlutfall starfsemi sem gerir amarrí starfsemi kleift að stuðla að umhverfisma rkmíðum	Hlutfall umbreytingar starfsemi	Ómetin starfsemi sem er talin óveruleg	Starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu á fyrra reikningsári (N-1)	Hlutfall starfsemi fellur að flokkunarkerfinu á fyrra reikningsári (N-1)
Lykilárangur smælikvarði	Samtals	Hlutfall starfsemi sem flokkunarkerfinu nær yfir	Starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu	Hlutfall starfsemi sem flokkunarkerfinu	Sundurliðun á starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu eftir umhverfismarkmiðum						Mengun	Líffræðileg fjölbreytni	Hlutfall starfsemi sem gerir amarrí starfsemi kleift að stuðla að umhverfisma rkmíðum	Hlutfall umbreytingar starfsemi	Ómetin starfsemi sem er talin óveruleg	Starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu á fyrra reikningsári (N-1)	Hlutfall starfsemi fellur að flokkunarkerfinu á fyrra reikningsári (N-1)
					Mótvegi við loftslagsbr eytingar	Aðlögun að loftslagsbr eytingum	Vatn	Hringrásar hagkerfi	Mengun	Líffræðileg fjölbreytni							
1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)	9)	10)	11)	12)	13)	14)	15)	16)		
Texti	Gjaldmiðill	%	Gjaldmiðill	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	Gjaldmiðill	%		
Velta		%		%	%	%	%	%	%	%	%	%	%		%		
Fjárfestinga rgjöld		%		%	%	%	%	%	%	%	%	%	%		%		
Rekstrargjöld		%		%	%	%	%	%	%	%	%	%	%		%		

Skýringar fyrir sniðmát 1:

- (N) táknar fjárhagsárið sem uppgæfin gögn vísa til. Dálkar (2) til (14) skulu eiga við fjárhagsárið (N). (N-1) táknar fyrra fjárhagsár. Ef engin gögn voru tilkynnt fyrir fjárhagsár N-1 skal skilja dálka (15) og (16) eftir auða.
- Í dálki (2) skal koma fram nefnari viðkomandi lykilarangursmælikvarða.

3. Í dálki (3) skal koma fram það hlutfall af nefnara viðkomandi lykílangursmælikvarða sem tengist heildarstarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, óháð því hvort sú starfsemi fellur að flokkunarkerfinu eða ekki.
4. Í dálki (5) skal koma fram það hlutfall af nefnara viðkomandi lykílangursmælikvarða sem tengist heildarstarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu.

5. Í dálkum (6) til (11) skal koma fram hlutfall af nefnara viðkomandi lykilangursmælikvarða sem tengist atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu sem stuðlar verulega að viðkomandi umhverfismarkmiði. Fyrir viðkomandi lykilangursmælikvarða skal summa hlutfalla í dálkum (6) til (11) vera jöfn tölunni í dálki (5).
6. Í dálki (12) skal koma fram hlutfall af nefnara viðkomandi lykilangursmælikvarða sem tengist atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu sem gerir amarrí starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum.
7. Í dálki (13) skal koma fram hlutfall af nefnara viðkomandi lykilangursmælikvarða sem tengist atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu sem er umbreytingaratvinnustarfsemi.
